

Kæru félagar, góðir jafnaðarmenn.

Velkomin til flokksstjórnarfundar í Hafnarfirði. Það er gaman að sjá ykkur svo mörg hér í dag og ég vona að sumarið hafi verið ykkur og ykkar fólki gott og gjöfult.

Umgjörðin er glæsileg hér enda erum við í höfuðvígi jafnaðarmanna á Íslandi: Fyrir hönd flokksins þakka ég Hafnfirðingum góðar móttökur og fyrir að hafa í meira en sex ár vísað Samfylkingunni veginn með frábærri frammistöðu í bæjarmálum.

Ég vil líka, áður en lengra er haldið, minnst mikilhæfs hafnfirskis jafnaðarmanns sem nýlega féll frá.

Geir Gunnarsson var þingmaður Reyknesinga í meira en tvo áratugi, vinsæll og virtur þvert á flokkslínur. Hann stundaði atvinnumennsku í stjórnámálum fyrir Alþjóðubandalagið en áhugmennsku í stjórnámálum sem Samfylkingarmaður – einn þeirra sem átti drauminn um breiðfylkingu jafnaðarmanna, burðarflokk í íslensku samfélagi – og sá hann rætast. Ég vil biðja fundarmenn að rísa úr sætum og votta minningu Geirs Gunnarssonar virðingu sína.

I

Heimurinn er hér. Í byrjun þessa mánaðar hleypti ég af stokkunum fundaröð ætlaða Samfylkingarfólki og öðrum alþjóðasinum undir þessari yfirskrift. Fyrsti gesturinn var utanríkisráðherra Spánar, næstur verður utanríkisráðherra Noregs og ég býð ykkur hérmeð öllum til þessa viðburðar þann þriðja nóvember.

Tilgangur fundanna er að leyfa ykkur að njóta með mér góðra og gefandi kynna við merka forystumenn úr röðum jafnaðarmanna á alþjóðavettvangi og heyra hugmyndir þeirra. Yfirskriftin er vandlega valin: Skilin milli alþjóðamála og innanlandsmála eru nefnilega að mestu horfin; heimurinn er hér.

Öll erum við núna með hugann við þau tíðindi sem orðið hafa í hagkerfi heimsins á undanfórnum dögum.

Burðarvirki hins reglulausa hnattræna fjármagnsmarkaðar var að leysast upp fyrir augliti heimsbyggðarinnar og markaðurinn gat ekki lengur staðið óstuddur. Hann „leiðrétti“ sig ekki sjálfur heldur flanaði stjórnlaust að feigðarósi með vanmati áhættu og ofmati eigna.

Almannavaldið, alþjóðastofnanir, ríkisstjórnir og Seðlabankar eru nú helstu bjargvættir fyrirtækja sem fyrir svo örskömmu voru sögð úrræðabetri en nokkur stjórnvöld gætu nokkurn tíma orðið.

Gjaldþrot og rekstrarstöðvun eins helsta fjárfestingabanka heims fyrir fjórum dögum. Yfirtaka Bandaríkjastjórnar á stærsta tryggingafyrirtæki landsins fyrir þremur dögum. Skortsala bönnuð í breskum lögum á miðnætti í fyrradag.

Og í samanlagðri viðskiptapressu heimsins heyrir enginn neita því í dag að góðu fréttirnar núna séu einmitt íhlutun og inngrip almannavaldsins. Í gær styrktust allir gjaldmiðlar og hlutabréf hækkuðu á mörkuðum í kjölfarið á samanlögðu átaki stjórnvalda og seðlabanka á Vesturlöndum.

Lærdómarnir sem heimsstjórn málin munu draga af undangengnum atburðunum eru mikilvægir og þar hlýtur hreyfing jafnaðarmanna að gegna lykilhlutverki á alþjóðavísu en nýfrjálshyggjan að leggjast í endurskoðun.

Sagan er skráð fyrir augum okkar allra, áhættusækinni og innistæðulausri peningahyggju var turnað árið 2008.

II

Kæru félagar, kæru vinir.

Allir vona að viðsnúningurinn vari, en hættan er ekki liðin hjá. Alþjóðlega lánsfjákræppan hratt af stað atburðarás sem við þekkjum svo vel hér heima.

Leiðum hugann aftur til 30. mars þegar við hittumst síðast á flokksstjórnarfundum. Þá lagði ég út af varnaðarorðunum sem Jón Sigurðsson færði í letur í inngangi að efnahagsstefnu okkar um jafnvægi og framfarir en enginn fjölmiðill tók eftir vorið 2007; varnaðarorðunum um hættuna sem af því hlytist ef Ísland missti trúverðugleika á alþjóðlegum fjármálamörkuðum með þeim afleiðingum að vaxtaálag hækkaði, gengi félli og verðbólgan héldi innreið sína.

Nú er þetta því miður orðið að veruleika.

Ég nefndi áðan viðskiptapressu heimsins: Fyrstu sjö mánuði ársins var Ísland linnulaust undir smásjá hennar, svo mjög að landið hefur aldrei í sögunni hlotið aðra eins langvarandi alþjóðlega athygli. Á forsíðum helstu blaða birtust dómsdagsspár um íslenska banka og íslenskt efnahagslíf. Heimspressan trúði því að íslenskir bankar og íslenskt efnahagslíf tæki kollsteypuna fyrst allra. Raunin hefur hins vegar orðið önnur.

Sem utanríkisráðherra hef ég veitt erlendum fjölmiðlum nokkra tugi viðtala á þessu ári um stöðu Íslands og forsætisráðherra enn fleiri. Slíkt áróðursstríð við umheiminn um orðstírr Íslands á sér engin söguleg fordæmi og það lá mikið við því spákaupmenn sem stunda skortsölu voru Íslandi alvarleg ógn frameftir árinu 2008. Í ræðunni 30. mars sagði ég að þeir skeyttu hvorki um skömm né heiður, heldur einungis skjótfenginn gróða hverjar sem afleiðingarnar yrðu.

Samstaða norrænu Seðlabankanna um lánalínur, Íslandi til góða, voru inngríp almannaaldsins til að stemma stigu við fláræði spákaupmanna og stjórnleysi markaðanna. Nú hálfu ári síðar er farið að banna skortsölu í ýmsum löndum í kringum okkur og munu örugglega fleiri fylgja í kjölfarið.

Sú einarða afstaða ríkisstjórnarinnar að standa við bakið á fjármálakerfinu okkar var rétt og frá henni verður hvergi hvíkað. Það er ekki gert af tillitsemi við eigendur eða stjórnendur fjármálastofnanna heldur til að freista þess að varðveita fjármálastöðugleikann því ef hann brestur er mikil vá fyrir dyrum hjá íslenskum almenningi.

Stjórnvöld verða að axla sína ábyrgð en það verða fyrirtækin og einstaklingarnir líka að gera – ekki síst þeir sem ekki létu sitt eftir liggja í áhættusækni og skuldsetningu sem ekki byggði á aukinni verðmætasköpun. Um leið er það skylda ríkisstjórnarinnar og allra ábyrgra Íslendinga – og þar tiltek ég sérstaklega ábyrga fjármagnseigendur – að horfast í augu við veikleika hagkerfisins hér heima og fjárfestinganna víða um heiminn.

Hætturnar eru ekki liðnar hjá, þær ber að meta af yfirvegun og bregðast við skynsemi.

Samkvæmt upplýsingum fjármálaeftirlitsins eiga íslensku viðskiptabankarnir kröfur á Lehman Brothers og tengda aðila um sem nemur 24 milljörðum króna. Jafnvel þótt gera megi ráð fyrir að heimtur verði á stórum hluta krafanna er engu að síður augljóslega um verulegt tapað fé að ræða.

Íslensk stjórnvöld rétt eins og stjórnvöld hvarvetna, vakta nú stöðugt fjármálakerfið í landinu og stöðugleika þess. Allt bendir til að stóru fjármálafyrirtækin standi traustum fótum, en allir gera sér ljóst að álagið er mikið og aðgang að lausafé verður að tryggja.

Skuldsetning, uppskipti og yfirtökur ýmissa gróinna íslenskra atvinnufyrirtækja síðustu ár hafa bersýnilega stjórnað af vanmátt á áhættu og ofmátt á eignum. Krosssegnatengslin í íslensku atvinnulífi geta skapað skaðleg keðjuverkandi áhrif. Þá reynir á manndóm ábyrga einstaklinga að veita þá forystu sem þarf og í því felst heiðarleiki og hreinskiptni gagnvart samfélaginu; starfsfólki, hluthöfum og viðskiptavinum.

III

Góðir félagar.

Töfralausnir á vandanum í hagstjórn á Íslandi eru ekki til. Það sem gildir er raunsætt mat, staðfesta, sanngirni og úthald. Það er ekkert hald í hávaða. Það er ekkert hald í brigslyrðum. Við sem byggjum þetta land þurfum að þetta raðirnar, taka höndum saman, senda áhættufíklana í meðferð og bjóða þá velkomna aftur í uppbygginguna þegar runnið hefur af þeim.

Hreinsum til í hugarfari, lífsstíl og neyslu. Í róðrinum gegn verðbólgu þarf alla á árárnar. Fyrstu fréttir í áráraðir um minni einkaneyslu voru að berast. Þær bera skynsemi íslenskra fjölskyldna vitni. Fleiri slíkar fréttir næstu mánuði yrðu verðbólguþeyðandi sprautur.

Fyrsta skylda okkar allra er að leggja ofurkapp á að vinna bug á verðbólgunni.

Íslenska fjölskyldan kann þetta allt, við getum þetta allt og við viljum treysta til framtíðar undirstöður velferðar og atvinnulífs á Íslandi.

Við stöndum frammi fyrir þeim skýra möguleika að næstu tvö ár einkennist af efnahagslegri kyrrstöðu. Að landsframléiðsla muni því sem næsta standa í stað að raungildi fram til ársins 2010. Framundan eru þessvegna krefjandi verkefni.

Góðu fréttirnar eru að um leið og einkaneysla dregst saman eru horfur á að útflutningur muni aukast. Efnahagshorfur er því góðar til lengri tíma litið og almennt betri en gengur og gerist í kringum okkur. Erlendar stofnanir og greiningaraðilar hafa þrátt fyrir allt lýst þeim sem öfundsverðum.

IV

Góðir fundarmenn

Það er hlutverk Samfylkingarinnar sem jafnaðarflokks að standa vörð um hag heimilanna og efla og styrkja velferðarkerfið. Af staðfestu, úthaldi og sanngirni munum við knýja markviss umbótamál áfram í traustu og öflugum ríkisstjórnarsamstarfi. Ráðherrar, þingflokkur og að ég hygg allir kjörnir fulltrúar Samfylkingarinnar gera sér ljóst að staða efnahagsmála gera þessi verkefni í senn ennþá brýnni en um leið erfiðari. Og ég segi eins og svo oft áður; við getum ekki gert allt fyrir alla og því hljótum við við núverandi aðstæður að leggja megináherslu á að verja þá sem minnsta ágjöf þola – öryrkja, ellilífeyrisþegja, tekjulitlar barnafjölskyldur.

Við tókum mikilvægt skref í júní síðastliðinn þegar ríkisstjórnin kynnti aðgerðir á fasteigna- og fjármálamörkuðum. Auknar heimildir til Íbúðalánasjóðs til lánveitinga til einstaklinga svo og til fjármálastofnanna og niðurfelling stimpilgjalda vegna kaupa á fyrstu íbúð hafa dregið úr erfiðleikum á fasteignamarkaði. Sömu leiðis hefur ríkisstjórnin boðað að greiðsluferfiðleikum heimila verði mætt með viðeigandi hætti, til dæmis með lögfestingu á svokallaðri greiðsluáðlögun á komandi þingi.

Ekki má heldur gleyma því að í tilefni af gerð kjarasamninga síðastliðið vor, ákvað ríkisstjórnin að draga verulega úr skattlagningu launafólks en þær aðgerðir munu koma til framkvæmda á næstu þremur árum. Þetta var gert með því að hækka persónuafslátt um 7 þúsund krónur umfram almenna verðuppfærslu og hækka skerðingarmörk barnabóta verulega. Þetta þýðir að skattleysismörk munu að öllum líkindum hækka úr 95 þúsund krónum í 113 þúsund á næsta ári og vera komin í 139 þúsund árið 2011.

Barnabætur munu einnig hækka umtalsvert og hækkan húsaleigubóta og vaxtabóta hefur þegar komið til framkvæmda.

1. júlí síðastliðinn fengu öryrkjar mikilvæga bót á sínum högum þegar frítækjumörk öryrkja og öryrkjauppbót hækkuðu verulega. Jafnframt er verið að vinna breytingar á reglum um örorkumat og er gert ráð fyrir því að þær verði tilbúnar um áramótin.

Í sumar voru gerðar mikilvægar breytingar á lögum um fæðingar- og foreldraorlof sem tryggja foreldrum aukin réttindi og svigrúm til fæðingarorlofs.

Ríkisstjórnin hefur samþykkt áætlun um uppbyggingu 400 nýrra hjúkrunarrýma og 380 annarra til að vinna á biðlistum og fækka verulega þeim ríflega 800 fjölbýlum aldraðra víða um land, þar sem aldraðir hafa þurft að sæta þeim afarkostum að deila herbergi með ókunnugum. Þar með er komið á framkvæmdastig mikilvægt mannréttindamál og eitt af forgangsmálum Samfylkingarinnar fyrir síðustu kosningar.

Í þessari viku kynntum við lágmarksframfærslutryggingu fyrir lífeyrisþega þar sem þeim eru tryggðar að lágmarki 150 þúsund krónur á mánuði. Þar með hafa lágmarkstekjur lífeyrisþega hækkað um 19% á undanförunum 9 mánuðum og hafa ekki verið hærrí í 13 ár. Þessar aðgerðir koma í kjölfar verulegrar hækkunar á frítækjumarki vegna atvinnutekna ellilífeyrisþega, 67-70 ára. Að auki fengu aldraðir sem fá minna en 25 þúsund krónur úr lífeyrissjóði á mánuði sérstaka kjarabót.

Fyrr á árinu var bundinn endir á óréttlæti sem lengi hefur verið gagnrýnt, þegar hætt var að skerða bætur almannatrygginga vegna tekna maka. Vasapeningar til

hjúkrunarsjúklinga hækkuðu um tæplega 30%, skerðingarhlutfall ellilífeyris lækkaði og frítekjumark hækkaði svo eitthvað sé nefnt.

Við Jóhanna Sigurðardóttir sitjum saman í ríkisfjármálahópi ríkisstjórnarinnar ásamt forsætisráðherra og fjármálaráðherra. Þar vinnum við öll saman af staðfestu, úthaldi og sanngirni og árangurinn er þegar orðinn umtalsverður.

V

Kjörorð Samfylkingarinnar – jafnaðarflokks Íslands er *sterkara samfélag*. Merkingin er öllum ljós, en lærdómar nýliðinna daga á fjármagnsmörkuðum skerpa boðskapinn enn frekar. Munum að Gylfi Þ. Gíslason sagði að markaðurinn væri þarfur þjónn en afleitur herra.

Jafnaðarflokkur Íslands telur mikilvægt að hafa skýrar leikreglur á öllum mörkuðum vegna þess að skortur á þeim veitir þeim sem hafa sterkasta stöðu – í skjóli fjármuna, valda, aðstöðu eða hefðarréttar – óréttmætt forskot til að notfæra sér frelsi markaðarins, stundum á kostnað skattgreiðenda. Þetta á jafnt við í auðlindamálum, umhverfismálum, sjúkratryggingum eins og á fjármálamarkaði. Einkavæðing bankanna fór fram í skugga skorts á leikreglum. Það sem hefur einmitt einkennt flesta markaði undanfarin ár er skortur á regluverki – sem nú er kallað eftir.

Einhverjum kann að finnast sérkennilegt að ég nefni sjúkratryggingar í þessu samhengi en með nýjum lögum um sjúkratryggingar hefur regluverk heilbrigðisþjónustunnar styrkst og eftirlit með henni verið aukið að norrænni fyrirmynd.

Jafnframt tryggðum við jafnaðarmenn þá grundvallarhugsjón í lögnum að aðgangur að heilbrigðisþjónustunni verði óháður efnahag og að lokað sé fyrir möguleika á því að efnafólk geti keypt sig fram fyrir röðina í kerfinu.

Samfylkingunni með þingflokksformann okkar fremstan í flokki tókst að ná þverpólítískri samstöðu um lyktir eins skýrasta prinsippmáls jafnaðarmanna frá síðasta kjörtímabili, vatnalagamálið. Með sáttinni er tryggt að almannaréttur til vatns er í forgangi. Enginn þarf að óttast að vatnið verði einkavætt heldur áfram sameiginleg auðlind þjóðarinnar. Þessi mikilvægi áfangi kemur í kjölfar nýrra orkulaga frá í vor þar sem iðnaðarráðherra fór fyrir því þjóðþrifamáli að tryggja að orkuauðlindir í jörðu yrðu áfram sameign þjóðarinnar.

Erfitt deilumál sem reyndi mjög á þolrif Samfylkingarinnar er nú í höfn. Ljósmeður samþykktu miðlunartillögur ríkissáttasemjara með yfirgnæfandi meirihluta atkvæða í gær. Það er fagnaðarefni að deilan skuli leyst.

Samfylkingin lítur á það sem forgangsverkefni að leiðrétta kynjamisrétti í launum og að því er unnið af fullum krafti. Það er stefna ríkisstjórnarinnar að minnka kynbundinn launamun um helming á kjörtímabilinu og nú starfa þrír vinnuhópar á vegum ríkisstjórnarinnar að útfærslu á þeirri stefnu. Þar gildir staðfesta, úthald og sanngirni eins og víðar. Reiknað er með fyrstu tillögum um aðgerðir á fyrsta jafnréttisþinginu sem haldið verður í nóvember í samræmi við nýsamþykkt jafnréttislög. Sú löggjöf markar tímamót, þar er stigið fyrsta skrefið í þá átt að afnema launaleynd og lögð eru drög að framkvæmd launavottunar.

Við verðum hins vegar að hafa í huga að kynbundinn launamunur verður ekki upprættur í einu vetfangi. Það dugir heldur ekki að stjórnvöld vilji það og kvennastéttirnar – það þarf víðtæka almenna sátt um að gefa því forgang

umfram annað að vinna á hinum kynbundna launamun. Ég þekki það vel frá árum mínum sem borgarstjóri í Reykjavík. Það tók okkur nokkur ár að minnka óútskýrðan launamun kynjanna um helming í borginni. Það tókst með sameiginlegu átaki borgaryfirvalda og borgarstarfsmanna, skýrri markmiðssetningu og einbeittum pólitískum vilja.

VI

Fjárlög næsta árs eru nú langt komin í vinnslu og það verður að segjast eins og er að það er ekki auðvelt verk að koma þeim saman. Mikilvægt er að gæta aðhalds í ríkisrekstrinum en engu að síður mega fjárlög ekki auka enn frekar þann samdrátt sem framundan er í samfélaginu. Fjárlögin hljóta að miða að því að jafna nokkuð þær sveiflur sem eru í hagkerfinu. Þannig hljóta þau í senn að verða aðhaldssöm en um leið innihalda verulega framlög til uppbyggingar innviða og stuðla að sterkara samfélagi.

Samgönguframkvæmdir standa yfir um land allt og ráðgerð fjárframlög næstu þrjú ár eru þau mestu í sögunni. Undirbúningur Sundabrautar er í fullum gangi, sem og tvöföldun Suðurlandsvegur, gangnagerð undir Vaðlaheiði og hafnargerð í Landeyjum fyrir nýjan Herjólf til Vestmannaeyja.

Farsímasamband er nú nánast á öllum hringveginum og síðari áfanga í útbreiðslu gsm verður lokið á þessu ári en með honum eru dekkaðir allir stofnvegir og ferðamannastaðir í nágrenni þeirra. Útboði háhraðatenginga um allt land er nýlokið og voru niðurstöður mjög jákvæðar.

Þessar úrbætur á samgöngu og fjarskiptakerfi landsmanna eru mikilvæg forsenda þess að landsmenn allir hafi jöfn tækifæri til að sækja sér menntun og atvinnu hvar á landinu sem þeir búa.

Það versta sem við gætum gert í samdrætti væri að gleyma að huga að framtíðinni. Uppbygging innviða – ekki síst á sviði menntunar og samgangna - er byggðastefna framtíðar og sú sem mestu skilar.

VII

Íslenskt samfélag verður að ná nýju efnahagslegu jafnvægi, stöðugleika til langrar framtíðar. Það er eiginleg þjóðhollusta að óska landinu jafnvægis og framfara, að þótt nú gefi á bátinn þá sjáist samt til lands eða a.m.k. hatti fyrir geislum ljósvitans á sjóndeildarhringnum. Það er eðlileg og sanngjörn krafa aðilla vinnumarkaðarins sem nú þegar eru sestir að viðræðu um forsendur kjarasamninga. Það er mikilvægt að starf þeirra skuli þegar hafið, ella myndi óvissa vara fram yfir áramót og kynda væntingar um verðbólgu og hátt vaxtastig.

Æ fleiri Íslendingar komast að þeirri niðurstöðu að til langs tíma þjóni krónan, minnsti gjaldmiðill heims, ekki hagsmunum Íslendinga, hvorki fjölskyldna né fyrirtækja.

Þegar við hittumst 30. mars síðastliðinn voru allir stjórnmalaflokkar að ræða möguleika á öðrum gjaldmiðli á Íslandi en krónu og hugmyndaauðgi við völd, norskar krónur, svissneskir frankar og fleiri gjaldmiðlar komu þar við sögu.

Samfylkingin tók forystu í Evrópumræðunni fljótlega eftir stofnun, mótaði ítarlega stefnu þar sem m.a. voru greind hugsanleg samningsmarkmið Íslendinga og komst að þeirri niðurstöðu í allsherjaratkvæðagreiðslu að hagsmunum þjóðarinnar væri best borgið með því að sækja um aðild að Evrópusambandinu.

Enn þann dag í dag er Samfylkingin eini stjórnsmálaflokkurinn á Íslandi sem hefur þessi jákvæðu afstöðu til Evrópumála. Sú athyglisverða þróun hefur orðið á afstöðu almennings til ESB að ótvíræður meirihluti landsmanna er nú hlynntur því að við tökum skýr skref í Evrópumálum, sækjum um aðild og freistum þess að ná fram hagstæðum samningum. Það er ástæða til að fagna því að umræðan um Evrópumál er að komast á hreyfingu, Framsóknarmenn styðja nú margir hverjir að gengið verði til þjóðaratkvæðagreiðslu um hvort sækja skuli um aðild og ráðherra Sjálfstæðisflokksins vekur máls á því að Íslendingar semji um upptöku evru án aðildar að sambandinu.

Evrópunefnd ríkisstjórnarinnar þar sem fulltrúar allra flokka eiga sæti sem og fulltrúar launþega og atvinnurekenda heldur til Brussel í næstu viku. Nefndinni var ætlað vera vaktstöð um þróuna mála innan Evrópu og hagsmuni Íslands. Mér sýnist að verkefni hennar sé nú tvíþætt: Að kanna og meta afstöðu ESB og stofnana þess til einhliða eða tvíhliða upptöku Evru og að framvæma hagsmunamat fyrir Ísland á aðild að Evrópusambandinu.

Ég legg áherslu á að sú könnun fari fram hið fyrsta svo eyða megi allri óvissu um þá valkosti sem Íslendingar hafa í gjaldmiðilsmálum.

Tengsl okkar við Evrópusambandið snýst um mat á langtímahagsmunum – hvernig stöðugleiki og sjálfbær hagvöxtur verði best tryggður þegar til lengri tíma er litið. Slíkt mat er gríðarlega mikilvægt því sá sem ekki veit hvert hann stefnir veit í raun ekki hvað best er að aðhafast.

Það sama á við í auðlindamálum. Ísland er einstaklega ríkt af nattúruauðlindum og hefur tekist að nýta þær að mestu leyti á afar hagkvæman hátt.

Stefnumörkun á sviði auðlindanýtingar á að miðast við langtímahagsmuni. Við eigum að hafa þá skýru stefnu að nýta auðlindir okkar – fiskinn, jarðvarmann og fallvötnin – til að auka framleiðslu og hagvöxt í landinu en við eigum líka að læra af mistökum undangenginna ára og falla ekki í þá gildru að ætla að tímabundinn hagstjórnarvanda megi leysa með því að ganga óhóflega á höfuðstólinn sem náttúruauðlindirnar eru.

Eitt stærsta mál heimsbyggðarinnar eru orkumál. Sjálfbærni okkar hér heima er okkar mikla forgjöf en ekkert einkamál einnar kynslóðar. Verð á öðrum orkugjöfum en rafmagni hefur hækkað gríðarlega á tíu árum, ég nefni úran og ég nefni olíu. Við Íslendingar eigum að endurskoða frá grunni afstöðu okkar til verðlagningar og sölu orkunnar sem við getum framleitt. Allt annað er skortur á fyrirhyggju.

Við eigum að hafa metnað til að verða grænt hagkerfi á heimsmælikvarða en til þess þurfum við að vanda okkur, stuðla að skynsamlegu jafnvægi milli auðlindanýtingar og náttúruverndar og leita ávallt þeirra lausna sem hámarka afrakstur auðlindarinnar en lágmarka óafturkræfar fórnir náttúrugæða.

Kæru félagar, kæru vinir.

Framundan er vandasöm sigling þjóðarskútunnar, óvissan í efnahagsmálum heimsins er mikil, afdrif krónunnar ráðast að miklu leyti af þróun á erlendum

fjármagnsmörkuðum og við þær aðstæður er mikilvægt að allar ákvarðanir verði teknar af yfirvegun og með almannahagsmuni að leiðarljósi. Við verðum að nálgast það viðfangsefni af æðruleysi og þrautseigju.

Staðfesta, úthald, sanngirni. Þetta finnst mér eiga að vera leiðarljós Samfylkingarinnar í öllum sínum störfum við núverandi aðstæður. Félagar okkar í borgarstjórn Reykjavíkur hafa sýnt þetta, og þau verðskulda það sem samfélagið nú viðurkennir almennt, að þau eru sannarlega hin eiginlega kjölfesta í borgarstjórn Reykjavíkur. Fólk veit að þau tala af ábyrgð, fólk veit að þeim er aldrei sama, fólk veit að þau kunna að koma verkunum í farsæla framkvæmd. Eins verður mér hugsað til félaga okkar í Árborg og víðar á vormánuðum þegar jarðskjálftinn mikli reið yfir og Ragnheiður Hergeirsdóttir stýrði af fumlausri ábyrgð þegar mest reið á. Kæru félagar og vinir: Þau eru öll Samfylkingin, jafnaðarflokkur Íslands. Burðarflokkur í landsstjórninni á Íslandi jafnt í meðbyr sem í mótbýr.

Við munum vinna okkur í gegnum efnahagsvandann án gífuryrða, án sýndarmennsku vitandi fullvel að töfralausnir eru engar, en við munum gera það af raunsæi, festu og ábyrgð og hægt og bítandi mun rofa til.

Það eru engar töfralausnir til við efnahagsvandann en við munum vinna okkur í gegnum hann hægt og bítandi. Ég legg áherslu á að möguleikar okkar Íslendinga eru óþrjótandi til framtíðar, við eigum endurnýjanlegar auðlindir sem færa okkur forskot í samfélagi þjóðanna nú þegar kapphlaupið um vistvæna orku fer harðnandi. En við eigum líka mikinn auð í fólkinu okkar og við þurfum að standa við stóru orðin í stjórnarsáttmálanum um að menntakerfið á Íslandi verði í fremstu röð í heiminum. Það kallar á frekari stefnumótun hjá okkur í Samfylkingunni að finna leiðir til að styrkja og efla menntakerfið þannig að það laði fram hæfileika allra barna og nemenda í íslenskum skólum.

Íslendingar eru að upplagi kraftmikið fólk, dugandi og bjartsýnt, frumkvöðlaandi er hér mikill og reynsla af því að koma hlutum í verk. Þessi grunnur er hverri þjóð afar dýrmætur og það er hlutverk okkar stjórnámálanna að búa fólkinu í landinu þá umgjörð sem stuðlar að því að hinn kraftmikli karakter þjóðarinnar leiði af sér verðmæti fyrir þjóðarbúið.

Að lokum vonast ég eftir því að umræðurnar hér í dag verði frjóar og uppbyggilegar og segi þennan flokksstjórnarfund settan.